

laga nr. 85/1936, að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áður nefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framan-skráðu.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 13/1949.

Kaupfélag Ísfirðinga

gegn

Sigrúnu Edwald og Rögnvaldi Jónssyni.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður héraðsdóms og málsmeðferð ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 3. f. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Ísafjarðar 29. júní sl., þar sem synjað var dómkvaðninga í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, dómkvaðning heimiluð og varnaraðiljum dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent dóminum kröfur né greinargerð í málinu.

Ölöglærðir menn hafa flutt mál þetta í héraði. Samkvæmt stefnu var málið höfðað til riftunar á sölu á húsum og lóð verzlunar J. S. Edwalds á Ísafirði og viðurkenningar á forkaupsrétti sóknaraðilja að nefndum eignum. Í greinargerð sóknaraðilja, sem fram var lögð á bæjarþingi Ísafjarðar 7. marz þ. á., var þess hins vegar krafizt aðallega, að riftað yrði umræddri sölu og sóknaraðilja heimilað að kaupa nefndar fasteignir gegn greiðslu á tiltölulegum hluta af heildarverði því, er Rögnvaldur Jónsson gaf fyrir eignir þessar ásamt

verzlun og vörubirgðum. *Til vara* var þess krafizt, að nefndri sölu yrði riftað og sóknaraðilja heimilað að ganga inn í kaupin. Auk þess krafðist sóknaraðili þar fyrst málskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Þar sem kröfur sóknaraðilja voru þannig viðtækari í greinargerð en í stefnu, átti dómari að leiðbeina sóknaraðilja um annaðhvort að fá samþykki varnaraðilja á þessari auknu kröfugerð án framhaldsstefnu eða að öðrum kosti leiðbeina um útgáfu framhaldsstefnu. Svo átti dómari og, eftir að kröfugerð var fram komin af hendi varnaraðilja, að leita um sættir í málinu samkvæmt lögjöfnun frá 5. tölulið 5. gr. sbr. 78. gr. laga nr. 85/1936. Auk þessa er samningu hins kærða úrskurðar áfátt um lýsingu á málsatvikum, sbr. 2. málsg. 190. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum þykir því bera að ómerkja úrskurð og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð sóknaraðilja var lögð fram, og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar af nýju.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði in solidum sóknaraðilja kærúmálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð sóknaraðilja var lögð fram, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju.

Varnaraðiljar, Sigrún Edwald og Rögnvaldur Jónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Kaupfélagi Ísfirðinga, 200 krónur í kærúmálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Ísafjarðar 29. júní 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 29. júní, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 27. júní sl.

Í þinghaldi 27. þ. m. í máli þessu gerði stefnandi kröfu til þess, að dómkvaddir væru tveir menn til þess að meta, hve mikill hluti eignir

bær, sem stefnandi telur sig eiga forkaupsrétt að, séu af öllum þeim eignum, sem seldar voru stefndum, Rögnavaldi Jónssyni.

Umboðsmaður stefndu mótmælti því, að dómkvaðningin færi fram á þessu stigi málsins, sökum þess að ekki hefði verið úr því skorið, hvort stefnandi hefði fyrirgert forkaupsrétti sínum.

Stefnukröfur í málinu eru þær, að riftað verði sölu á húsum og lóð verzlunar J. S. Edwalds og viðurkenndur forkaupsréttur stefnanda að þessum eignum. Hins vegar hefur ekki verið gerð krafa um það, að þessar eignir verði afhentar stefnanda gegn greiðslu matsupphæðar, nema í greinargerð stefnanda. Og hefur það atriði ekki verið lagt til sátta á lögmætan hátt í máli þessu. Eins og málið hefur verið lagt fyrir bæjarþingið, virðist ekki nauðsynlegt til skýringar málsatvikum eða vegna dómsniðurstöðu, að mat þetta fari fram að svo stöddu. Gegn mótmælum stefndu virðist því ekki ástæða til, að dómkvaðningin fari fram. Ber því að synja um umbeðna dómkvaðningu.

Því úrskurðast:

Umbeðin dómkvaðning skal ekki fara fram.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 16/1949.

Sigurður Guðmundsson

gegn

Jóhanni P. Jósefssyni.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður um frestsýnjun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. júlí sl., er hingað barst 19. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 4. júlí þ. á., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð eða kröfur í málinu, en ætla verður, að hann hafi kært í þeim tilgangi að fá frest þann, sem lýst er í úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.